



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fundargerð 99. aðalfundar Ljósmaðrafélags Íslands sem haldinn var þann 24. mars 2018 í fundarsal BHM í Borgartúni 6

1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara

Áslaug býður fundargesti velkomna og setur fundinn kl. 11:00 og tilnefnir fundarstjóra, Steinu Þóreyju Ragnarsdóttur. Fundurinn samþykkir það.

Tveir fundarritarar eru tilnefndir: Bergrún Svava Jónsdóttir og María Rebekka Þórisdóttir.. Fundurinn samþykkir það.

Steina Þórey tekur til máls. Hún býður fundargesti velkomna og kynnir dagskrá fundarins (sjá fundargögn).

Hún kynnir einnig gesti fundarins sem eru Kolbrún Sigurgeirsdóttir, jafnréttisstýra Reykjavíkurborgar og Edythe Mangindin, verkefnisstjóri Twinning verkefnisins á Íslandi. Munu þær halda erindi að aðalfundarstörfum loknum

2) Skýrsla stjórnar (sjá fundargögn)

Áslaug kynnir skýrslu stjórnar.

Margt og mikið hefur verið gert á vegum stjórnarinnar á starfsárinu. Ber þar hæst kjaramál og yfirstandandi dómsmál vegna vangoldinna launa í verkfalli 2015.

Fjárhagur félagsins er með besta móti og skuldir engar.

Mörg námskeið hafa verið haldin víða um land og hafa þau verið vel sótt.

Töluverð vinna er í gangi og verður framundan við uppærlu og endurnýjun vefsíða félagsins og einnig er verið að vinna að tveimur smáforritum fyrir félagið.

Twinning verkefnið er að fara á flug og stendur ferð til Hollands fyrir dyrum.

Alþjóðasamstarf hefur verið líflegt og er LMFÍ aðili að NJF, ICM og EMA.

Framundan er undirbúningur fyrir 100 ára afmælisár félagsins auk skipulagningar fyrir NJF ráðstefnu sem haldin verður hér á landi næsta vor. Í framhaldi hennar verður Evrópufundur ICM haldinn í maí 2019.

Fundurinn samþykkur skýrslu stjórnar.

3) Reikningar félagsins lagðir fram til samþykkis (sjá fylgiskjal)

Inga Sigríður kynnir reikninga félagsins. Helgi Einar Karlsson endurskoðandi hefur farið yfir reikningana og skrifað undir þá.

Hagnaður félagsins var rúmlega 8,7 milljónir á síðasta ári.

Eigið fé félagsins eru rúmlega 49 milljónir í lok ársins

Rekstrarhagnaður félagsins á síðasta ári var tæplega 9 milljónir.

Fundurinn samþykkir reikninga félagsins.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt (sjá fylgiskjal)

Inga Sigríður kynnir fjárhagsáætlun næsta árs.

Fundurinn samþykkir fjárhagsáætlunina.

5) Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur

Tillaga að breyttum félagsgjöldum.

Breytt félagsgjöld

Stjórn LMFÍ leggur til að félagsgjöld lækki úr 1.55% af heildarlaunum í 1.45% af heildarlaunum. Félagsgjöld verði endurskoðuð að ári liðnu og stefnt að frekari lækkun þá.

(sjá fundargögn)

Umræður:

Álfheiður spyr um hvort tímabært sé að lækka félagsgjöld. Félagið stendur betur en verið hefur en hægt gengur að safna í sjóði.

Rut styður tillöguna og telur eðlilegt að lækka félagsgjaldið hægt og rólega til baka frá þeirri hækkun sem var gerð í kjölfar mikils kostnaðar vegna verkfalls 2015.

Fundurinn samþykkir tillögun með handauppréttingum.

Tillaga til lagabreytinga

Gjald í ljósmæðrafélag

Við undirritaðar óskum eftir breytingu á því af hvaða hluta launa ljósmæður greiða til ljósmæðrafélagsins þar sem við teljum óeðlilegt að greitt sé af vinnu umfram vinnuskyldu, þ.e.a.s. bakvöktum og yfirvinnu. Í dag, febrúar 2018, greiðum við 1,55% af heildarlaunum í gjöld til Ljósmæðrafélagsins. Þegar ákveðið var á sínum tíma að reiknuð skyldi prósentu af heildarlaunum voru rökin sú að óeðlilegt sé að dagvinnufólk borgi alltaf af öllum sínum launum meðan að vaktavinnufólk borgi eingöngu af hluta af sínum tekjum. Við erum sammála því að eðlilegt sé að fólk greiði að fullu fyrir þann hluta launa sem skapast útaf hefðbundinni vinnu (173 tímar í 100% o.s.frv.) og þá þar með vakaálagið sem með fylgir. Aftur á móti finnst okkur með öllu óeðlilegt að þær ljósmæður sem vinna umfram vinnuskylduna sína, ýmist með yfirvinnu eða bakvöktum, séu að greiða af því til félagsins. Máli okkar til stuðnings viljum við benda á að þegar ljósmæður sækja styrki í sjóði BHM þar sem litið er til vinnuframlags þá er eingöngu horft til starfshlutfalls en ekki unninna tíma. Þ.e.a.s. ljósmóðir sem er í 80% starfshlutfalli fær t.d. aðeins 80% fæðingarstyrk eða 80% sjúkradagpeninga, algerlega



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Óháð því hvort hún hafi unnið að meðaltali 173 tíma eða 138 tíma undanfarna mánuði og eða ár. Við teljum þetta fyrirkomulag bitna hvað mest á ljósmæðrum sem búa við hvað mesta undirmönnun á sínum stofnunum þannig að ljósmæður sem þurfa að vinna mikla yfirvinnu vegna undirmönnunar þurfa að greiða mun meira til félagsins en þær sem hafa fengið að vinna eingöngu sinn vinnudag. Einnig teljum við að þetta skapi óeðlilegan landsbyggðarskatt. Það er að segja, við teljum að þetta bitni verr á okkur sem vinnum á fæðingardeildunum í Neskaupstað og á Ísafirði. Í því sambandi væri líka ekki úr vegi að benda á að landsbyggðarljósmæður fá á vissan hátt minna fyrir peningana þar sem ljósmóðir í Reykjavík sem fer á námskeið svo sem ALSO nær að greiða það eingöngu með BHM styrknum sínum en við eigum þá eftir að fjármagna flug, gistingu og bíl á staðnum. Eins eru landbyggðarljósmæður mun sjaldnar í aðstöðu til að nýta sér ókeypis fræðslu hjá félaginu vegna vegalengda. Að auki hefur lítið farið fyrir því að BHM/Ljósmæðrafélagið hafi komið að gerð stofnanasamninga, þó þar verði vonandi bráðum bragarbót á. Þannig, að þó að við svo sannarlega kostum félagið jafnmikið, þá borgum við því meira og fáum minna sjálfar til baka frá því. Til að sýna svart á hvítu hversu íþyngjandi þetta er raunverulega fyrir okkur langar okkur að benda á að núna í síðustu útborgun (1. febrúar 2018) vorum við að borga á bilinu 13500-21500 af 80-100% vinnu og þar af var á bilinu 4300 - 12350 kr vegna unninnar yfirvinnu og bakvakta. Því förum við fram á að það verði tekið fyrir á aðalfundi Ljósmæðrafélagsins 2018 að gjald til Ljósmæðrafélagsins verði eingöngu tekið af launum sem skapast vegna fasts starfshlutfalls og vaktaálagi en ekki þeirri vinnu sem er umfram það.

Kveðja, Oddný Ösp Gísladóttir, Jónína Salný Guðmundsdóttir, Ingibjörg Birgisdóttir, Hrafnhildur Lóa Guðmundsdóttir og Erla Rún Sigurjónsdóttir ljósmæður á fæðingardeildum Heilbrigðisstofnunar Austurlands, Neskaupstað og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði.

Umræður:

Áslaug bendir á að aðildarfélag BHM innheimta félagsgjöld af heildarlaunum. Áslaug hefur rætt við lögfræðing og aðra innan BHM varðandi það hvort hægt sé að koma á móts við þessar óskir. Ekki hefur verið hægt að finna lausnina. Eina lausnin eru að lækka prósentuna og er verið að vinna í því.

LMFI er bæði fag- og stéttarfélag og verða félagsgjöld því að vera hærri en hjá félagi sem er eingöngu stéttarfélag.

Áslaug bendir á að ljósmæður utan að landi eiga einnig rétt á að fá flug greitt úr starfsþróunarsjóði. Hún bendir einnig á að aðkoma félagsins varðandi stofnana sé í eðli sínu meiri við stærri stofnanir þar sem fleiri ljósmæður vinna og síðar er komið að minni stofnunum þar sem fáar eða jafnvel bara ein ljósmóðir vinnur.

Inga Sigga bendir á fleiri leiðir til að sækja styrki til félagsins varðandi ferða- og gistikostnað. Bendir á sjóðasíður BHM – þar liggja fyrir úthlutunarreglur og leiðbeiningar um umsóknir.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Margrét Bjarnadóttir spyr hvort öll félög, t.d. hjá FIH sé greitt af heildarlaunum. Áslaug getur ekki svarað því.

Hildur Kristjáns spyr hvort ljósmæður séu duglegar að sækja í sjóði BHM. Áslaug upplýsir að félagsmenn LMFÍ séu duglegastir að sækja í sjóði af öllum aðildarfélögum BHM.

Kosning um tillöguna:

Tillögunni er vísað frá það sem ekki er raunhæft að kjósa um hana.

6) Skýrslur nefnda/deilda

Ekki hafa allar skýrslur borist en fer fundarstjóri yfir þær sem borist hafa (sjá fundargögn). Ekki lesið upp þeim sem aðgengilegar hafa verið á netinu.

Ólöf Ásta, ritstjóri fer yfir skýrslu ritnefndar þar sem skýrslan barst ekki tímanlega. 2 blöð hafa verið verið gefin út á árinu.

Álfheiður segir frá helstu verkum Ljósanna.

Katrín fer yfir helstu mál Kjaranefndar.

Allar skýrslur eru samþykktar einróma.

7) Stjórnar og nefndakosningar

Áslaug Valsdóttir er ein í kjöri til formanns og fagnar fundurinn henni með lófataki.

Fundarstjóri fer yfir lista uppstillingarnefndar og eru allar breytingar samþykktar einróma.

8) Önnur mál

*Áslaug fer yfir stöðu kjaramála. Hún bendir á að hvergi í heiminum skilar háskólamenntun jafn litlu í launum eins og á Íslandi. Áslaug leggur til að allar háskólastéttir – ekki bara innan BHM- taki höndum saman og bendi á stöðuna, t.d. með tilliti til ævitekna og skuldsetninga vegna námslána. Hún leggur til að þessi hópur fundi með ríkisstjórn og bendi á að háskólamenntaðir verðir að vera með 35% hærri laun til að vega upp á móti stuttri starfsævi. Þetta er eitthvað sem mun taka langan tíma en verður að gerast.

Fundir með samninganefnd Ríkisins hafa ekki gengið vel. LMFÍ fer fram á 4,5% hækkun, að 15,7 milljónir skili sér í stofnanasamninga og að tekið verði tillit til vinnuskyldu vaktavinnufólks.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Bókun

Aðilar eru ósammála um að launasetning ljósmæðra endurspegli menntun og ábyrgð í starfi. Því verður gerð hlutlaus úttekt á launasetningu ljósmæðra af aðila sem aðilar komi sér saman um. Kostnaður af starfi hans verði greiddur úr ríkissjóði

Áslaug segir frá pokaverkefninu. LMFÍ er búið að láta útbúa margnota og umhverfisvæna innkaupapoka sem stendur til að dreifa. Ljósmæður taka vel í að dreifa pokunum fyrir framan fjölmenna staði s.s. við verslanir og við sundstaði.

*Inga Sigríður, Álfheiður og Ólöf Ásta segja frá vinnslu við ljósmæðratalið sem mun koma út í sambandi við 100 ára afmælis LMFÍ. Upplýsingasöfnun fer í gang fljótlega.

Fundi slitið formlega kl. 13:30

Skemmtidagskrá

Gestir fundarins:

Kolbrún Sigurgeirsdóttir jafnréttisstýra Reykjavíkur og Edythe Mangindin verkefnastjóri Twinning up North.

Veitingar eru í boði stjórnarinnar

Dagskrá lokið kl. 14:15



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919